

Orkustofnun  
María Guðmundsdóttir  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2024  
UST202402-140/R.K.  
10.05.00

### **Efni: Rannsóknarleyfi í Meitlum og Hverahlíð II- Umsögn**

Vísað er til erindis Orkustofnunar sem barst þann 7. febrúar sl. um beiðni um umsögn vegna rannsóknarleyfi í Meitlum og Hverahlíð II fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Matsáætlun vegna vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð II og Meitlum er nýlega búin í kynningu hjá Skipulagsstofnun en hefur ekki lokið umhverfismatsferlinu. Jafnframt fóru Meitlar norður í matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar og var sú framkvæmd ekki talin matskyld. Sótt er um rannsóknarleyfi til 10 ára.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

- Meitlar suður og Hverahlíð II eru í umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun og því eru umhverfisáhrif borana á rannsóknar- og vinnsluholum óþekkt. Auk þess eru boranir á því svæði ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036.
- Framkvæmdaraðili þarf aðfla að tilskilinna leyfa til þess að hefja borframkvæmdir á rannsóknarsvæðinu, þ.m.t starfsleyfi vegna jarðborana sbr. tl. 55 viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss. Sú starfsemi sem heimiluð verður á svæðinu mun þurfa að vera í samræmi við gildandi skipulag og að undanfögnu mati á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Fyrirhugað rannsóknarsvæði er á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í framkvæmdaleyfi skv. skipulagslögum nr. 123/2010 þarf að koma skýrt fram hvaða brýna nauðsyn liggur að baki veitingu framkvæmdaleyfisins.

Stofnunin bendir á að hún hefur veitt umsagnir á ýmsum stigum vegna framkvæmda á svæðinu og vísar til þeirra<sup>123</sup>.

<sup>1</sup> [Tillaga-Deiliskipulag-Rannsóknarsvæði OR í Meitlum Sveitarfélagið Ölfuss](#)

<sup>2</sup> [Mat á umhverfisáhrifum-matskyldufyrirspurn-rannsóknarboranir í Meitlum. Umsögn](#)

<sup>3</sup> [Umhverfismat framkvæmda-Vinnslu-rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum suður](#)

## Lög um stjórn vatnamála

Fyrsta [vatnaáætlun Íslands](#) var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Samkvæmt þeirri afmörkun rannsóknarsvæðis sem fram kemur í greinargerð með umsókninni eru grunnvatnshlotin Selvogsstraumur 3 nr. 104-290-G og Ölfusstraumur 2 nr. 103-267-G innan áhrifasvæðis rannsóknanna. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að vera með góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi. Magnstaða grunnvatnshlotanna hefur ekki verið ákveðin og því er ekki ljóst hvert ástand þess er eða hvað getur talist grunnástand (þ.e. náttúrulegt ástand án álags). Mjög mikilvægt er að magnstaða grunnvatnshlotanna verði metin áður en til frekari framkvæmda kemur.

Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá vatnaáætlun og [vatnavefsja vatnamála](#)). Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota byggir á líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum (sjá vatnaáætlun). Gera þarf mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,  
**sérfræðingur**

Halla Einarsdóttir  
**teymisstjóri**